

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Garðabæ fyrir árið 1991.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 6 500 fyrir árið 1991. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1990.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. áðurnefndrar samþykktar, skal vera kr. 2 000 í fyrsta skipti, kr. 4 000 í annað skipti og kr. 6 000 í þriðja skipti og oftár.

3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytið, 12. nóvember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Ásmegin.

1. gr.

Félagið „Veldur hver á heldur“ stofnar hér með sjálfseignarstofnunina Ásmegin, sem lýtur lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988. Stofnfé er kr. 365 000 og er það fé runnið frá stofnendum. Stofnfé er í vörslu stjórnar. Eigi má skerða stofnfé.

Stofnendur eru: Þór Ingi Daníelsson, Þóra Tómasdóttir, Snorri Traustason, Sigurlaug Jónsdóttir, Sigfús Guðfinnsson, Kerstin Andersson, Helga Óskarsdóttir, Guðjón Árnason.

2. gr.

Heimili og varnarþing er í Kópavogi.

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að efla og styðja menningarframtak á sviði uppeldis- og skólamála sem og listrænum sviðum byggða á antroposofi Rudolf Steiners. Til að ná þessum markmiðum mun stofnunin í hvívetna renna stöðum í orði og æði undir þessa þætti: Waldorfleiksskóla, Waldorfskóla, goetheaniska listiðkun og framleiðslu, auk þess að erja jörð og sinna umhverfinu á biológiskýndynamískan hátt.